

6. Bifreiðastöður eru bannaðar við Bárustig að vestan og Vestmannabraut að norðan.

Framangreindar reglur taka gildi 15. nóvember n. k.

*Lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum, 31. október 1974.*

**Kristján Torfason.**

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húsavíkur nr. 285  
18. desember 1970, með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald, kr. 350.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 770.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítur í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1974.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á byggingarsamþykkt fyrir Kópavogskaupstað, sbr. auglýsingu  
um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingarsamþykkt  
Kópavogskaupstaðar nr. 63 17. febrúar 1968.

1. gr.

Aftan við grein 3.1.7. komi svo hljóðandi viðbót.

Byggingarnefnd getur einnig, að fengnum meðmælum heilbrigðisnefndar leyft íbúð á jarðhæð, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 3.1.6. enda nái eðlilegur gluggaflötur íbúðarinnar til að minnsta kosti tveggja átta, og að um sé að ræða íbúð, sem hafin var smíði á fyrir 1970.

Framangreind samþykktarbreyting staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um